



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi 11. mars 2019.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sálfræðiþjónustu í fangelsum, 137. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 16. nóvember 2018 þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um sálfræðiþjónustu í fangelsum, 137. mál á 149. löggjafarþingi. Beðið er velvirðingar á síðbúinni umsögn.

Um er að ræða þingmannatillögu um að dómsmálaráðherra verði falið að frá og með byrjun þessa árs verði að minnsta kosti einn sálfræðingur að jafnaði starfandi í hverju fangelsi í landinu. Ráðherra hafi samráð við Fangelsismálastofnun og Sálfræðingafélag Íslands um tilhögun þjónustunnar.

LÍ telur mikilvægt að þjónusta sú sem fangar fá vegna sálrænna vandamála sé veitt af heilsugæslu og geðlæknum með aðkomu sálfræðinga. Í þessu sambandi vísar LÍ til ítarlegrar umsagnar Óttars Guðmundssonar geðlæknis og tekur undir þau sjónarmið sem þar eru rakin.

Verði eftir því óskað eru fulltrúar LÍ tilbúnir til að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til að ræða þessa þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður